

Byggðamálaráð

Fundargerð 22. fundar byggðamálaráðs Fundur haldinn á TEAMS 7. desember 2022 kl. 11.00

Dagskrá:

1. Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga
2. Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga
3. Drög að skýrslu ráðherra til Alþingis um framvindu byggðaáætlunar
4. Önnur mál – óstaðbundin störf og ívilnanaheimild Menntasjóðs

Mættir: Guðveig Lind Eyglóardóttir formaður, Arnar Már Elíasson, Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, Hólmfríður Sveinsdóttir og Karl Björnsson. Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, verkefnisstjóri stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga tók þátt í fyrstu tveimur dagskrárliðunum. Hólmfríður ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga

Karl kynnti nýsamþykka stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árin 2022-2026. Breiður hópur sveitarstjórnarfólks kom að gerð hennar, sem hófst í byrjun árs. Fór Karl sérstaklega yfir kafla 8 sem fjallar um byggðamál, atvinnu og innviði þar sem sett eru fram 27 markmið og áhersluatriði á því sviði. Stefnan er mikilvægt grundvallarskjal fyrir starfsemi sambandsins, en vinna stjórnar og starfsfólks felst í því að finna leiðir til að framfylgja stefnunni. Benti Karl á að stefnan styðji við ýmsar stefnur ríkisins, byggðaáætlun þar á meðal.

2. Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga

Anna Gunnhildur kynnti vinnu við stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga, sem áætlað er að lögð verði fram sem þingsályktunartillaga á Alþingi á komandi vorþingi. Grænbók, sem meðal annars inniheldur stöðumat og valkostagreiningu, er nú í samráðsgátt stjórnvalda. Við gerð hennar var sendur spurningalisti til allra sveitarfélaga og bárust svör frá 35 sveitarfélögum sem nýttust vel við vinnuna. Nú stendur yfir vinna við hvítbók, sem meðal annars inniheldur drög að stefnu og aðgerðaáætlun. Fundaherferð innviðaráðuneytisins í október undir yfirskriftinni Vörðum leiðina saman er gott innlegg í þeirri vinnu.

Anna vék af fundi kl. 11.55.

3. Drög að skýrslu ráðherra til Alþingis um framvindu byggðaáætlunar

Ráðherra leggur árlega fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd byggðaáætlunar. Þó að ný byggðaáætlun hafi tekið gildi um mitt ár verður megináhersla skýrslunnar að gera upp þá áætlun sem gildi frá 2018-2022. Hólmfríður greindi frá efnistöku skýrslunnar, sem áætlað er að verði tilbúin í byrjun janúar.

4. Önnur mál

Rætt var sérstaklega um tvær af aðgerðum nýrrar byggðaáætlunar. Annars vegar *B.7 Óstaðbundin störf* og hins vegar *A.6 Aðgengi að sérfræðipjónustu á heilbrigðissviði*. Seinni aðgerðin lýtur að því að skoðað verði hvort fjölga megi sérfræðingum á heilbrigðissviði á landsbyggðinni með því að nýta ákvæði í lögum um Menntasjóð námsmanna þar sem kveðið er á um sérstaka ívilnun vegna námsgreina sem og sérstaka ívilnun vegna námsgreina á sérstökum svæðum. Vinna við báðar aðgerðirnar er hafin og mun byggðamálaráð verða upplýst reglulega um framvinduna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.15.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 2. febrúar 2023.